

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 788/2004

frá 21. apríl 2004

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 og reglugerðum (EB) nr. 1655/2000, (EB) nr. 1382/2003 og (EB) nr. 2152/2003 með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 80. gr., fyrstu málsgrein 156. gr. og 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna,

á höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tekið sé tillit til stækkunar Evrópusambandsins skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðir í eftirfarandi reglugerðum:

— reglugerð ráðsins nr. 2236/95/EB frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta ⁽²⁾,

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/2000 frá 17. júlí 2000 að því er varðar fjármálastofnunina á sviði umhverfismála (LIFE) ⁽³⁾,

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) ⁽⁴⁾ og

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2152/2003 frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með skógum og víxlverkun umhverfisþátta í Bandalaginu (Forest Focus) ⁽⁵⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2236/95 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlagaheimildir“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“,

2. í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda þessari reglugerð í framkvæmd, á tímabilinu 2000 til 2006, er 4874,88 milljónir evra.“

2. gr.

Ákvæðum 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1655/2000 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Gildistími þriðja áfanga og fjárlagaheimilda“ komi fyrirsögnin „Gildistími þriðja áfanga og fjármögnun“,

2. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. LIFE skal koma til framkvæmda í áföngum. Þriðji áfangi skal hefjast 1. janúar 2000 og ljúka 31. desember 2004. Fjárhagsramminn til að hrinda þessum þriðja áfanga í framkvæmd, á tímabilinu 2000 til 2004, er 649,9 milljónir evra.“

2. Fjármögnun aðgerðanna, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal færð undir árlegar fjárveitingar á almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlana.“

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 5. apríl 2004.

⁽²⁾ EB L 228, 23.9.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 (Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 192, 28.7.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 1.

3. gr.

Ákvæðum 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1382/2003 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlög“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“,

2. í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda Marco Polo-áætluninni í framkvæmd, á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2006, er 100 milljónir evra.“

4. gr.

Í stað 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2152/2003 komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Fjárhagsrammi til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á tímabilinu 2003 til 2006, er 65 milljónir evra og þar af skulu 9 milljónir evra notaðar til brunavarna.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga-valdsins og rúmast innan ramma árlegrar fjárlagagerðar og marka fjárhagsáætlunarinnar.“

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópupingsins,

P. Cox

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.